

1989

R. A.

07.11.18

211.6

## Agætu Kvennalistakonur.

A þessari stundu eru tæpir sjö mánuðir til næstu sveitastjórnakosninga. I þriðja sinn stöndum við frammi fyrir stórum ákvörðunum í sveitum, bæjum og borg. Yfirkrift þessarar ræðu minnar er ekki eiga konur erindi í sveitarstjórnir, heldur: hvaða erindi eiga konur í sveitastjórnir? Út frá hugmyndafræði Kvennalistans er bað ekki spurning hvort konur eigi að komast þangað sem ákvarðanir eru teknar. heldur hvernig og hvaða erindum eigi að sinna þegar inn <sup>i valdassögnunum</sup> er komið. Það er auðvitað hægt að velta fyrir sér þeirri spurningu hvort við séum ekki að dreifa kröftunum ~~þ~~ of mikið ef við leggjum mikla áherslu á sveitarstjórarkosningarnar og hvort þeim kröftum væri ekki betur varið til landsmálaumræðunnar. Eg held reyndar að við getum sleppt þeim ~~spurningu~~, við verðum að taka þátt í sveitarstjórarkosningunum ~~hvar~~ sem við treystum okkur til, einmitt landsmálanna vegna. Að hætta við slík framboð gæti orðið afdrifaríkt fyrir ~~þing~~ Kvennalistaþingflokk framtíðarinnar. Mig langar hér á eftir að leyfa mér að fljúga út í ómælisvíddir sögunnar aftur í gráa forneskju og <sup>síðan</sup> til baka, áður en ég kem að því hver erindi okkar eiga að vera í komandi kosningum.

Frá örðfi alda hefur mannkynið reynt að túlka náttúruna kringum sig og umhverfið allt. Eitt af því sem greinir manninn frá öðrum dýra- tegundum er að hann reynir að skilja og skýra það sem hann sér, ~~og~~ heyrir og skynjar. Menn tóku snemma eftir því að konan var hliðstæða náttúrunnar. Hún fóstraði líf í líkama sínum, sem óx og dafnaði og braust að lokum út í veröldina að vísu vanmáttugt og veikburða, en slóst síðan í hóp þeirra sem fyrir voru. Konan hagaði sér rétt eins og blómin, kornið, fiskarnir og jurtirnar ~~sem~~ fólkið næroðsst á. Jörðin með sumur sín og vetur, hvíldartíma og gróskutíð, jörðin sem gaf og tók fékk á sig mynd konunnar. Móðir jörð. Jörðin var móðir allra, ~~hun~~ gyðjan sem varðveitti lífið í skauti sínu, miðlaði visku <sup>og</sup> gæsku, en líka dauða og hrörnun, ár eftir ár. Jörðin var lífstákn, frjós- semistákn, til hennar var beðið. Til urðu aðrar gyðjur sem voru tákn hinna ýmsu eiginleika kvenna. Karlguðir virðast hafa verið bæði fáir og smáir til að byrja með. Hofgyðjur og prestar sinntu trúarathöfnum og miðluðu til manna þekkingu, læknuðu og hugguðu.

En tímar grimmдарinnar runnu upp, <sup>tímas</sup> vopnnanna og stríðsins. Kannski vegna náttúruhamfara sem riðluðu því skipulagi sem fyrir var, kannski vegna harðnandi samkeppni um lífsgæðin, kannski vegna innrása þjóða sem þegar höfðu steypt gyðjunum af stalli. Kannski vegna öfundar og valdaleysis karla. Við vitum það ekki, en hitt vitum við að þeir eiginleikar sem eignaðir voru konum og gyðjum voru ekki í hávegum hafðir eftir að karlveldið komst á. Lög Súmera endurspegla æ

minni áhrif kvenna. Nýjar gyðjur tóku við, sumar voru arftakar hinna fyrri og héldu eiginleikum þeirra lifandi þótt ~~umdækkastjórnxx~~ bær væru undir stjórn <sup>karl</sup> ~~Domi~~ <sup>umpat</sup> ~~hja~~ <sup>Guðrún</sup> ~~Gudrun~~. Aðrar voru eins og karlar vildu hafa bær. Eiginkonan Hera sem bjáðist af stöðugri afbryðisemi og Pallas Ábena sem ekki var af konu fædd, ~~og~~ hagaði sér eins og konur áttu alls ekki að haga sér, ~~hún~~ <sup>þó</sup> var bandamaður karla. Gyðjunum sem stóðu vörð um lífið var vikið til hliðar, ~~þó~~ lifði móðir jörð, ~~að~~ <sup>vísu</sup> aðþrengðssem huggari kvenna í líki Maríu guðsmóður hinnar góðu en hliðnu.

Kvenfyrirlitningin sem við eignum þúsund dæmi um allt frá dögum Súmera fyrir svo sem 4-5 þús árum er óskiljanleg nema í ljósi þess að verið var að svipta konur <sup>þeim</sup> völdum og áhrifum sem bær höfðu áður haft.

A undanförnu árum hafa margar konur hugsað til gyðjanna gömlu. Bær spyrja hvar eru þær nú? Hvernig líður þeim í okkar harða heimi: Fræðikonur og rithöfundar sjá gyðjurnar fyrir sér hímandi illa halðnar í skúmaskotum einhvers staðar neðanjarðar. Gyðjurnar eru ekkert annað en gildi okkar kvenna, kvennamenningin sem lifir með okkur vegna þess hlutverks sem við gegnum í lífskeðjunni og vegna þess uppeldis sem við fengum og fáum enn. Gyðjunum líður illa, bær ákalla okkur nútímakonur og biðja okkur að ná aftur því sem tekið var, hrinda hinum hörðu alvitru guðum af stalli, áður en móður jörð blæðir út. ~~Rétt eins~~ og Gunnlöð í sögu Svövu Jakobsdóttur birtist ungri stúlku í Kaupmannahöfn og biður hana um hjálp, rétt í þann mund sem verið er að vinna jörðinni rétt eint fjónið í Tsjernobil, <sup>Asján</sup> ~~eins~~ kalla ~~þær~~ til okkar, bjargið jörðinni. Feminisminn er eini kosturinn sem mannkyninu stendur til boða segir skáldkonan Marilyn French.

Við vitum ekki hvernær köllin fórð fyrst að heyrast eða hversu margar konur fyrri alda svöruðu, það er ekki skráð á blöð sögunnar, en í rúm 200 ár höfum við gengið mismunandi hratt eftir stígnum bratta sem liggur yfir fjöllin sjö til dalsins fagra þar sem réttlætið ríkir. I mínum huga er kvennabaráttan eins og löng ganga upp hliðina. Stíglurinn sem farinn er er eins og sá sem lýst er í goðsögum Grikkja, það má ekki líta við, ekki stöðva fér, þá er hætt við að það sem áunmist hefur glaðist. Leiðin liggur aðeins upp og áfram. En stíglurinn er breiður, þar er pláss fyrir marga og hver og einn getur ráðið sínum gönguhraða. Kvennabaráttan er köllun, hún er skuld okkar við formæður okkar, hún er von barnanna sem eiga að taku við, ~~um~~ <sup>þær</sup> ~~áhættu~~ <sup>allra</sup> ómóður jarðar sem nú er svívirt og sárum slegin, ~~skýrjumáxx~~ með mjólk í brjóstum sem er að eitrapast og verður æ byngra um andardrátt.

Með þessum orðum vil ég undirstrika að við erum hluti af heild, hluti af gamalli sögu og nýrri, við höfum skyldum að gegna. Við töldum okkur eiga erindi út í veröldina fyrir sjö árum og við eigum erindi enn. Við eigum mikið og ~~skjá~~ stórt erindi alls staðar þar sem fengist er við ~~kjá~~ lífskjör karla, kvenna og barna í nútíð og framtíð.

Fyrir sjö ánum sögðumst við vera komnar til að láta rödd kvenna heyrast. Við vildum leggja áherslu á annað gildismat en það sem ríkti Við vildum draga aðstæður kvenna fram í dagsljósið, gagnrýna meðferðina á börnum unglungum og gamalmennum og koma með tillögur til úrbóta Við vildum aðra forgangsröð en karlarnir sem setja steinsteypu, járn, bíla og bruðl ofar mennlegum verðmætum. Við vildum setja spurningamerki við allt, Spyrja fyrir hvern er þetta þjóðfélag, hvað hefur ráðið för og í hvers konar samfélagi viljum við lifa? Við vildum setja andlega og líkamlega velferð í öndvegi, og koma konum til valda til að ~~skrá~~ það mætti takast. Við vildum segja gengdarlausri efnishyggju stríð á hendur. Við byrjuðum á sveitarstjórnunum af því að þær fjalla um okkar nánasta umhverfi. Þær taka á þeim báttum sem móta lífskjör og aðstæður kvenna að miklu leyti, svo sem aðbúnað~~x~~ barna, þjónustu við gamla fólkið, slysahættunni, húsnæðismálum, launakjörum þúsunda kvenna, atvinnulífinu að nokkru o.s.frv. Allt þetta var okkur viðkomandi.

Á þessum sjö árum hæknum við lært margt. Við höfum séð að valt er að treysta á kvennasamstöðu innan sveitarstjórna, þar ræður flíks~~s~~ hollustan ferð þótt hagsmunir kvenna séu í húsi.. Við höfum lært að kerfið er þungt í vöfum og oft át tíðum grimmt. Við höfum lært að til að starfa í sveitarstjórnunum þarf þrautseigju, þar er auðvelt að dæsa og segja við sjálfan sig þetta er ekki til neins, eða spyrja sig hvað í ósköpunum er ég að gera hér, þegar verið er að ræða um útboð á ofnum og hvaða tegund af klósettum eigi að kaupa í verkemannabústaðina. En við höfum líka lært að það skiptir máli að við séum til staðar. Eitt og eitt mál kemst í gegn, sjónarmið sem annars heyrðust ekki koma fram. Kárlarnir eru undir stöðugu eftirliti og gagnrýni. Dropinn holar steininn.

Hvert er þá erindi okkar nú? Að mestu hið sama og áður. Að skoða hvert einasta mál út frá sjónarholi kvenna, láta rönnu kvenna heyrast, gagnrýna ríkjandi gildismat, ýta og pota í karlveldið þar til það verður undan að láta. Koma með nýjar og ferskar tillögur sem benda fram á við og taka mið af veröld sem verður að koma. Veröld sem snýr baki við hruðli og rányrkju Vesturlandabúa, en byggir á nýtingu, endurnýtingu og jafnvægi manns og náttúru. Við þurfum enn á ný að greina samfélagið sem við búum í, benda á einkenni þess, kosti og galla og lýsa því fyrir fólki hvernig við viljum sjá þjóðfélagið. *Við þurfum að bora mynd seðferti i stjórnmalumum.*

### *sigra frum*

Við þurfum að ~~bena~~ á nauðsyn þess að konur láti enn meira til sín taka og benda á að lítt hefur þokast í lýðræðisátt. Ibúar hafa enn mjög lítil áhrif á mótnum umhverfis síns og á mótmæli íbúa er varla hlustað, alla vega ekki ~~hér~~ í Reykjavík. Við þurfum að huga að stjórnun og skipulagi bæja og borga. Móta nýja fjölskyldupólítík, ekki ~~þessa ríhyndi hofna os~~ geymslupólítík heldur stefnu sem tekur mið af mannlegum þörfum og er mannúðleg. Umhverfismál eru að verða mál málanna hér sem annars staðar og þar komum við inn með skoðun okkar á hagsaxtær-hugmyndunum, karlagildunum sem miðast við það að deila og drottina yfir náttúrunni sem öðru. ~~þetta persi mal höfum við austvísind, röll en við þurfum að endurniðja óhun.~~

Að mínum dómi hækum við nú um skeið spólað í sömu hjólförunum, endurtekið sömu hugmyndirnar hvað eftir annað. Það hefur margt gerst við höfum breytt umræðunni þannig að aðrir hafa færst nær okkur. Nú er komið að okkur að stíga enn eitt skeifið upp á við og áfram.

Erindin eru mörg og þau eru mismunandi eftir því hvar er á landinu. Við verðum að vera opnar fyrir mismunandi leiðum í kosningum. Á einum stað hentar sérframboð, á öðrum sammvinna við aðra. Við verðum jafnan að vega og meta hvaða leðð hentar best.

I þeim kosningum sem framundan eru mun umræðan sennilega snúast að miklu leyti um landsmálin. Sjálfstæðisflokkurinn mun ~~þekkjan~~ reyna að notfæra sér hina fádæma óvinsælu ríkisstjórn og nú er spurningin eigum við ~~ekki~~ að gera það líka? Er það ekki okkar að benda á hvernig ~~þessir~~ karlar <sup>nir</sup> stjórnna, hvaða hagsmunir ráða föru, hve ráðaleyrið er algjört. Við hljótum þó fyrst og fremst að vera málefnalegar, leggja fram okkar stefnu, okkar mál. I kosningunum vil ég sjá Kvennalistann leggja höfuðáherslu á: Nýja fjölskyldupólítík, þróun atvinnulífsins, og umhverfismál auk þess sem við í Reykjavík ~~xerðum með xleggjum x~~ gerum framtíð gamla miðbæjarins ~~háxekkar~~ sem nú bíður dauða sína að okkar máli. Úti á landi ~~en efslust~~ kunna að vera önnur mál sem brenna á konum. Við skulum mekki gleyma því að kosningar eru tækifæri til að koma hugmyndum á framfæri, þótt enginn fáist fulltrúinn. Því fleiri konur sem ~~fáta~~ til sín heyra því betra.

Eg sagði hér áðan að við værum að svara kalli, ganga okkar spöl í göngunni löngu. Sú ganga getur leitt okkur í ýmsar áttir. Enn þá er framboðsleiðin fær og nauðsynleg, en sá tími kann að koma að ~~xix~~ hún reynist fullreynd og að neyðsynlegt verði að griða til annarra ~~xix~~ kvennaráða. Við erum að glíma við karlveldið sem ríkt hefur um aldir. Það hefur löngum fundið leiðir til að halda konum niðri og koma þeim ~~á~~ þann stað sem ~~það~~ er karlveldinu bóknanlegur, venjulega eru það eldhúsin. Lögmál karlveldisins eru sterkl, þar talað valdið og vopnin. Fræðikonan Berit ~~as~~ sem átti sæti í sveitarstjórn í Noregi árum saman reyndi að gera sér grein fyrir því ~~hvaða~~

aðferðum karlarnir beittu til að halda konum niðri, til að gera þær hættulausar. Skílgreining hennar var ~~eftir~~ þannig: Í fyrsta lagi eru konur gerðar ósýnilegar. Petta þekkjam við. Það er helst aldrei minnst á tillögur Kvennalistans, ef á þær er minnst ~~þ~~ eru þær ýmist eignaðar öðrum eða ekki er minnst á flutningsmann. Kvenna-listinn birtist ekki í þjóðfélagsumræðunni, nema þegar ekki verður hjá því komist. Í öðru lagi eru konur gerðar hlægilegar. Petta könnunst við líka við. Ég minni á umræðuna um útvarpslagafrumvarpið ~~sækkax~~ sækkax sällar minningar, aldrei höfðu þingmenn heyrt neitt jafn viðtlaust. Í þriðja lagi er upplýsingum haldið frá konum. Það er ótrúlega algengt að manni sé sagt að svona hafi þetta alltaf verið, eða að það sé bara hægt að gera hlutina svona og ekki öðru vísni, þótt annað komi í ljós við nánari skoðun. Í fjórða lagi bendir Berit Ás á hina tvöföldu refsingu sem hún kallar svo. Þegar konur segja eða gera eitthvað er það vitlaust og ef þær gera það ekki er það líka vitlaust. Sem sagt það er alveg sama hvað þú gerir það er alltaf ómögulegt. Petta kemur fram í því hvernig konum er lýst. Þær eru sagðar grimmar öðrum konum, konur eru konum verstar og þannig eiga þær alls ekki að vera. A hinn bóginn eru þær sagðar tilfinningasamar og órókvísar og þannig eiga þær heldur ekki að vera. Þær geta engan veginn verið. Í fimmtra og síðasta lagi er það sektarkenndin og skömmín sem konur finna fyrir í ~~xix~~ ríkum mæli, þær geta hvergi uppfyllt kröfurnar. Þær valda ekki margföldu hlutverki sínu og ráða ~~xxx~~<sup>f</sup> illa við karlaheiminn, enda þekkja þær ekki leikreglurnar.

Petta er kaldranaleg lýsing svona rétt fyrir kosningar en við skulum muna að hún á við konur sem voru að yinna í karlaflokkum og ógnuðu veldi ~~þeirra~~ <sup>Þessi konur eru líka með umóhverfum.</sup> beirra þar. Við skulum líka muna að að það er algilt lögmál í baráttu að til að geta sigrað verður maður að þekkja andstæðinginn og það væl. Þann dag sem við höfum greint karlvældið niður í smæstu einingar getur ekkert stöðvað okkur. En fyrst verðum við að þekkja sjáfar okkur og möguleika okkar, kalla gyðjurnar í okkur fram úr undirdjúpunum, leiða þær fram á sviðið og gefa þeim orðið. Við verðum að hlusta á nið aldanna, allar þær milljónir kven-radda sem hvísla að okkur: þið verðið að halda áfram, vegna okkar sem vorum sviptar áhrifum, vegna okkar sem ekki var hlustað á, vegna okkar sem vorum þrælkaðar og teknar herfangi, vegna okkar sem réðum svo litlu um líf okkar, vegna okkar sem horfðum á syni okkar vegna. Þið verðið að gera heiminn betri. Og við verðum að halda áfram. Það er hvorki meira né minna en sköpunarverkið sem er í húfi, framtíðin. Það er mikil hlutverk sem okkur konum er ætlað. Kosningar vorsins verða næsti áfangi á langri leið og nú ríður á að standa sig.]